

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ísbjörninn hf., greiði stefnanda, Einari Ingvarssyni, kr. 210.815,25 auk 3,75% dráttarvaxta á mánuði frá 5. febrúar 1985 til 1. mars s.á., 4% dráttarvaxta á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% dráttarvaxta á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á., og 3,75% dráttarvaxta á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 46.000,00.

Fimmtudaginn 19. mars 1987.

Nr. 242/1985. **Júlíus Skúlason**

(Örn Clausen hrl.)

gegn

Sigmundi Birgi Pálssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Skaðabætur utan samninga. Líkamsáverkar. Sönnun. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1985. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara að fjárhæð héraðsdóms verði lækkuð, vextir miðaðir við vexti af óbundnum spari-sjóðsinnstæðum og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig að vextir verði 42% ársvextir frá 16. janúar 1983 til 21. september s.á., 35% frá þeim degi til 13. október s.á., en frá þeim degi til greiðsludags verði dæmdir dómvextir samkvæmt 1. gr. laga nr. 56/1979. Stefndi krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ekki er fram komin nægileg sönnun fyrir því að áfrýjandi hafi

valdið meiðslum þeim sem stefndi hlaut á umræddum dansleik í félagsheimilinu Bifröst á Sauðárkróki aðfaranótt sunnudagsins 16. janúar 1983. Ekki er heldur í ljós leitt að áfrýjandi hafi verið upphafsmaður átaka þeirra sem lýst er í héraðsdómi eða þátttakandi í þeim þannig að það leiði til skaðabótaskyldu. Verður áfrýjandi því sýknaður af kröfum stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Júlíus Skúlason, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Sigmundar Birgis Pálssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Nægilega er leitt í ljós að stefndi varð fyrir meiðslum sínum við ryskingar þær sem urðu á dansleiknum í Félagsheimilinu Bifröst. Enda þótt ekki sé allt fulljóst um upphaf ryskinga þessara eða ótvírátt sannað að áfrýjandi hafi sjálfur beinlínis valdið áverka stefnda þykir hann þó hafa átt slíkan hlut að ryskingunum að dæma beri hann til að greiða stefnda fébætur vegna meiðsla hans svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að þeirri niðurstöðu að sýkna beri áfrýjanda er ekki ástæða til að fjalla um bótafjárhæð sérstaklega.

Dómur bæjarþings Sauðárkróks 14. október 1985.

Ár 1985, mánudaginn 14. október var í bæjarþingi Sauðárkróks, sem háð var að Hafnarstræti 107, Akureyri, af Sigurði Eiríkssyni, dómara samkvæmt umboðsskrá, kveðinn upp dómur í bæjarþingsmálinu nr. 73/1983. Sigmundur B. Pálsson gegn Júlíusi Skúlasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 26. september sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 23. september 1983 og þingfestri 13. október 1983. Stefnandi er Sigmundur Birgir Pálsson, nafnúmer 7575-7905, Smáragrund 13, Sauðárkróki. Stefndi

er Júlíus Skúlason, nafnnúmer 5416-2138, Raftahlíð 60 A, Sauðárkróki.

Dómkröfur stefnanda á hendur stefnda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnda (sic) skaðabætur að fjárhæð 800.000,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 16. janúar 1983 til þingfestingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 56/1979 um dómvexti. Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ. Til vara gerir stefndi þá kröfu að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Við munnlegan flutning málsins hefur stefnandi lækkað kröfu sína og sundurliðað hana þannig:

1. Fjárhagslegt tjón	561.100,00
2. Miski	150.000,00
3. Útlagður kostnaður við örorkuútreikning og örorkumat	8.397,00
Samtals	<u>719.497,00</u>

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

Málavextir eru þeir, að hinn 15. janúar 1983 var haldinn almennur dansleikur á vegum hjónaklúbbs Sauðárkróks í félagsheimilinu Bifröst, Sauðárkróki. Dansleik þennan sóttu m.a. þau hjón, stefnandi og eiginkona, Guðlaug Gísladóttir, fædd 28. október 1937, og stefndi og eiginkona hans, Sigríður Ósk Jónsdóttir, fædd 17. mars 1954. Þá sótti dansleikinn Rögnvaldur Hartmann Árnason, fæddur 2. nóvember 1950, til heimilis að Dalatúni 14, Sauðárkróki. Dyravörður á dansleiknum var Tómas Dagur Helgason, fæddur 26. október 1961, til heimilis að Smáragrund 2, Sauðárkróki.

Í Félagsheimilinu Bifröst hagar þannig til að þar eru tveir salir, þ.e. hliðarsalur og danssalur. Í greint sinn voru borð við báðar hliðar danssalarins. Hljómsveitin var staðsett fyrir enda danssalarins. Vinstra megin í salnum frá inngöngudyrum séð, við þriðja borð frá hljómsveitinni, sat Rögnvaldur Hartmann Árnason. Stefndi Júlíus og eiginkona hans voru á næsta borði við, nær hljómsveitinni. Þá mun það hafa atvikast að eiginkona stefnda, Sigríður Jónsdóttir, hafði við um stund við borð Rögnvalds Hartmanns. Rögnvaldur hefur sagt að hann hafi talið óæskilegt að kona þessi sæti við borðið og hafi komið til orðahnippinga milli þeirra, sem enduðu þannig, að eiginkona stefnda, Sigríður, skvetti úr glasi á Rögnvald, en hann hafi svarað með því að skvetta svipuðum legi á konu stefnda, Sigríði.

Um þetta leyti, þ.e. klukkan ca 02.57-02.58 var dyravörðurinn, Tómas Dagur Helgason, staddur á sviðinu hjá hljómsveitinni þegar þangað hafi komið kona stefnda, Sigríður, en hún hafi þá verið blaut um hárið, aðallega þó hártoppurinn að framan, en einnig hafi verið lítills háttar bleyta framan í henni. Kona stefnda skýrði Tómasi Degi frá því að einhver maður hefði skvett á hana úr glasi og óskaði eftir því að Tómas Dagur kæmi með henni ofan í sal til að hann gæti séð manninn. Að sögn Tómasar Dags var kona stefnda mjög reið, en hún óskaði þó ekki eftir því að maðurinn yrði fjarlægður úr húsinu. Tómasi Degi virtist Sigríður kona stefnda mjög ölvuð og er þau gengu niður í salinn var hún völt á fótunum. Síðan ségir í skýrslu Tómasar Dags: „Konan gekk síðan á undan mér og settist hún á stól við upphækkunina sunnan megin við borð það er stefndi Júlíus ásamt fleira fólki höfðu setið við. Eftir að eiginkona stefnda Júlíusar var sest benti hún á Rögnvald er sat norðan megin að framanverðu við næsta borð sunnan við. Kona Rögnvalds sat við upphækkunina sunnan megin við borð þeirra. Það er rétt að það komi fram að kona Júlíusar sat þvert á stól sínum þannig að bak hennar vissi að upphækkuninni, vinstri handleggnum studdi hún á borðið, en þeim hægri á stólbakið á stól þeim er hún sat á. Kona Rögnvalds sat nær rétt á sínum stól, en með undið upp á bolinn þannig að hún var hálfskökk fyrir. Eftir að kona Júlíusar hafði sest á stól sinn er fyrr greinir, þá benti hún á Rögnvald.“ Eftir að konan hafði bent á Rögnvald þá spurði Tómas hana hvort þetta væri maðurinn og játti hún því. Þegar Tómas Dagur kom að borði Rögnvalds, þá spurði Rögnvaldur Tómas að því hvort kona stefnda hefði kvartað undan honum. Síðan lýsir Tómas Dagur atvikum svo: „Er ég fór að ræða við Rögnvald studdi ég hægri hendi minni á bak stólsins er hann sat á en vinstri hendinni studdi ég á mjöðm mína, en ég sneri mér þannig að ég hafði yfirsýn yfir borð Rögnvalds og næsta borð norðan við er kona Júlíusar settist og sat við. Rögnvaldur sagði mér að kona þessi hefði sest við borðið hjá sér og er hann hefði beðið hana að fara hefði hún tekið það illa upp og skvett á sig. Hann kvaðst hafa skvett á hana til baka. Ræddi ég nú við Rögnvald og bað hann að vera rólegan og ekki æsa sig neitt né stofna til illinda. Í þessu kom Júlíus og settist hann við borðið hjá konu sinni. Hann settist á stól sunnan megin við borðið þannig að þeir Rögnvaldur sneru bökum saman. Ég sá að kona Júlíusar var með handapat er hún talaði við hann og m.a. tók hún annarri hendi í hártopp sinn og togaði hann fram. Ekki heyrði ég orðaskil en hins vegar taldi ég mig sjá á látbragði konunnar að hún var að útlista fyrir manni sínum hvað skeð hafði og í lokin benti hún honum á Rögnvald.

Ég var í sömu stellingum og fyrr getur en ræddi við Rögnvald um daginn og veginn meðan á útlistingu konunnar stóð við Júlíus, en ég hafði þau hjón í sigtinu. Ég sá er Júlíus stóð upp af stól sínum og fannst mér hann

þá ekkert vera æstur en ég fylgdi honum eftir með augunum. Síðan hvarf Júlíus úr sjónmáli mínu. Augnabliki síðar sá ég eða varð var við hvar krepptur hnefi og handleggur kom undir handarkrika minn eða meðfram hægri síðu minni. Fannst mér högg þetta ætlað Rögnvaldi en hæfði hann ekki. Mér tókst að ná taki á handleggnum og sneri mér við um leið. Júlíus var eigandi handleggisins. Ég spurði hann hvað um væri að vera, eða eitthvað í þá áttina. Júlíus svaraði því til: „að hann sætti sig ekki við svona lagað að farið væri svona með konuna sína.“

Er ég hafði snúið mér við eftir að hafa tekið um handlegg Júlíusar kippti hann handleggnum lausum. Er Júlíus hafði svarað mér því sem fram er komið tók hann á mér með vinstri hendinni og sveiflaði mér frá þannig að ég hafnaði út á dansgólfinu. Ég fór afturábak en fann að ég hafði stuðning af þeim er voru að dansa og missti ég ekki fótanna.

Ég fór síðan að borðunum aftur, leiðin var svo til greið en þvaga fólks til beggja handa. Júlíus var nú framan til við borð sitt og sneri baki að mér. Mér finnst og tel rétt munað hjá mér að framan við Júlíus stæði maður er ég sá ekki hver var því Júlíus bar á milli okkar. Ekki veit ég hvort maður þessi hélt í hægri hönd Júlíusar eða hvort Júlíus hélt með hægri hendi sinni í manninn en allavega var hægri hönd hans ekki á lausu því ég sá að átök voru þarna um hægri hönd Júlíusar að mér virtist, en hverjir áttust þarna við man ég ekki hafi ég séð það, en það dreg ég í efa. Júlíus tók ég háls- eða haustaki og færði hann í gólfid og skullum við nokkuð harkalega í það. Ég man og varð var við að þá slitnaði af mér úrið og fann ég það síðar undir næstfremsta borðinu að vestanverðu í salnum. Úrið slitnaði einnig af Júlíusi og það mun hafa hafnað út í sal og einnig missti hann veski sitt. Ég komst ofan á Júlíus þar sem við vorum þarna á gólfinu. Rétt í þessu kom Jón Hallur þarna að og fórum við með Júlíus niður er við höfuð reist hann upp úr gólfinu.“

Stefnandi málsins hefur lýst atvikum svo: „Ég tel að klukkan hafi verið um þrjú, a.m.k. var að líða að lokum dansleiksins. Við hjónin höfðum verið að dansa og hlé varð á milli laga. Við staðnæmdumst á dansgólfinu vestanverðu á móts við borð þeirra Júlíusar og Rögnvalds. Ég var nokkuð mitt á milli borðanna og aðeins fram af þeim. Ég sneri baki í upphækkunina og horfði fram í salinn og svona í kringum mig. Ég man að Rögnvaldur sat á stól að norðanverðu og framantil við sitt borð, Tommi (Tómas Dagur) var framantil við borðsendann og eins og húkti og var að ræða við Rögnvald, kona Rögnvalds sat hinum megin við borðið. Við næsta borð norðan við sat Sigga kona Júlíusar. Hún sat sunnan við borðið og inn við upphækkunina. Siggu þekki ég ekkert en veit vel hver hún er og þekki hana frá öðrum. Þar sem ég stóð þarna og átti mér einskis ills von vatt sér að mér Júlíus maður Siggu. Mér finnst eins og Júlíus hafi stokkið upp frá borði þeirra hjóna og framfyrir mig. Hann tók í bringu mína og keyrði

mig á milli borða þeirra Rögnvalds og hans. Í fallinu aftur á bak man ég að ég sá reiddan hnefa Júlíusar í þann mund er ég fékk högg á vinstra augað. Í sömu mund og ég fékk höggið á augað man ég að ég náði taki á stólbaki eða borðrönd þannig að ég féll ekki í gólfið. Ekkert get ég sagt til um hversu langt ég féll við inn á milli borðanna. Júlíus hafði engin orðaskipti við mig. Mér finnst að Júlíus hafi verið að dansa rétt áður en atburður þessi skeði, þá minnst mig að ég sæi hann út á gólfinu. Ég minnst þess ekki að hafa séð hann setjast við borð sitt og hafi hann sest þar þá hefur það verið örstutt stund, en hins vegar finnst mér að hann hafi sprottið eins og píla upp frá borði sínu er hann veittist að mér.“

Eftir þetta kveðst stefnandi lítið muna eftir því sem gerðist, hann hafi þá gripið fyrir augað og fann að það var ekki blóð sem úr því lak. Hann fór síðan aftur að borði þeirra hjóna. Eftir að hann settist tók að blæða úr auganu, hann dofnaði upp og fór á sjúkrahúsið. Morguninn eftir var hann fluttur til Akureyrar í sjúkraflugvél, þar sem hann gekkst undir skurðaðgerð hjá Ragnari Sigurðssyni augnlækni. Skýrsla sú, sem hér að framan er rakin, var gefin hjá lögreglunni á Sauðárkróki 15. febrúar 1983.

Afleiðing af höggi þessu var sú að stefnandi missti alveg vinstra augað.

Hinn 16. apríl 1983 gaf stefnandi aðra skýrslu fyrir lögreglu. Þar skýrði hann svo frá: „Ég var mjög lítið undir áhrifum áfengis er atvik þetta átti sér stað, fann nánast ekkert á mér. Ég var að dansa við eiginkonu mína og í lok lagsins vorum við framan við borð nr. 2 og 3. Við borð nr. 3 sat Rögnvaldur Árnason við borðhornið og framan við borðið, hálfboginn, var Tómas Helgason, húsvörður Bifrastar. Var Tómas að tala við Rögnvald. Ég sneri baki að borði nr. 2 og man eftir að Júlíus Skúlason kom gangandi, mér séð frá vinstri, í átt til mín. Ekki veitti ég honum mikla athygli. Eiginkona Júlíusar, Sigríður Jónsdóttir, sat við borð nr. 2, og sennilega hefur Júlíus ætlað til hennar. Þá virtust einhver átök hefjast aftan við mig og fannst mér að nefndur Júlíus hafi komið framan að mér með reiddan hægri hnefa til höggs og fékk ég mikið högg á vinstra auga. Finnst mér að Júlíus hafi þá rétt áður lagt vinstri hönd sína á bringu mína eins og hann hafi ætlað sér að ýta mér frá. Við högg Júlíusar lenti ég á milli borða nr. 2 og 3. Ég féll ekki í gólfið, heldur lenti ég á stólum þar eða borðbrúnum. Eftir þetta veit ég ekki hvað skeði. Aldrei missti ég þó meðvitund og man í aðalatriðum eftir för minni á sjúkrahúsið. Ég held að ég geti fullyrt að það var hnefi Júlíusar en ekki olnbogi sem ég fékk í andlitið. Ekki man ég, eða tók eftir hvar Tómas var er ég fékk höggið og minnst mig að Rögnvaldur hafi enn setið við borðshorn borðs nr. 3. Ég álit að högg Júlíusar hafi ekki verið ætlað mér, heldur öðrum sem ég geri mér ekki grein fyrir hver er, þar sem ég sá ekki Júlíus í neinum átökum. Finnst mér að Júlíus hafi af einhverjum orsökum misst stjórn á sér þarna eitt augnablik. Ekki

hafði ég rætt við Júlíus áður en þetta skeði, eða hann ávarpað mig, enda þekki ég manninn nánast ekkert. Ég geri mér enga grein fyrir ölvunarástandi Júlíusar þarna þar sem ég veitti honum enga sérstaka athygli fyrr en hann kom framan að mér, en sú atburðarás gerðist mjög hratt.

Ég var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri að morgni þess 16. jan. sl. í sjúkraflugvél frá Flugfélagi Norðurlands. Þann sama dag, um kl. 11:00 framkvæmdi Ragnar Sigurðsson augnlæknir aðgerð á mér. Tæpan mánuð dvaldi ég á sjúkrahúsinu og síðan hef ég þurft að fara þrisvar til Ragnars í skoðun. Sjónina missti ég alveg á vinstra auga. Í gær, er ég var hjá Ragnari til skoðunar, tjáði hann mér að vottorð frá honum væri rétt ókomið til bæjarfógetaembættisins á Sauðárkróki. Ekkert hef ég enn getað unnið og óvíst hvenær ég verð vinnufær. Að svo komnu máli geri ég ekki refsí- né bótakröfu á hendur Júlíusi, en hins vegar áskil ég mér allan rétt í því sambandi.“

Stefnandi gaf skýrslu í sakadómi 17. apríl 1984 og 28. júní 1985. Þar skýrði stefnandi efnislega eins frá og hér að framan er rakið og staðfesti skýrslur sínar.

Stefndi Júlíus gaf skýrslu fyrir lögreglu 26. janúar 1983 og 13. janúar sama ár. Í fyrri skýrslu hans skýrir hann svo frá: „Það er rétt að við hjónin fórum á dansleik í Bifröst á laugardagskvöldið 15. janúar sl. Við sátum við borð að vestanverðu í salnum annað borð norðanfrá. Við borðið voru einnig tvenn önnur hjón. Við næsta borð sunnan við okkur sat Rögnvaldur Árnason og hans kona ásamt Þórði Hansen og hans konu. Ég tel mig ekki hafa verið mikið ölvaðan svona vel rakur (sic) eða rétt um það bil. Ég gæti trúað að klukkan hafi verið um hálf þrjú er ég var að dansa við konu Jóns Alla er kona mín kom til mín og sagði mér að Rögnvaldur hefði skvett úr vönglasi framán í sig, en hún var rennblaut um hárið og að framanverðu. Kona mín hélt sína leið og náði í annan húsvörðinn Tómas að nafni. Ég lauk við dansinn og gekk síðan að borðinu til Rögnvalds og var að byrja að ræða við hann er Tómas ásamt konu minni kom einnig að borðinu. Tómas fór að stjaka mér frá og ætlaði ég þá að taka í öxl Rögnvalds svo ég yrði fastari fyrir því ég ætlaði að útkljá málið sjálfur. Rögnvaldur sat í stól sínum og ég minnst þess ekki að hann stæði upp úr honum. Ég vil meina að í þessum svifum hafi verið tekið utan um mig aftanfrá og mér svipt í hring og við það missti ég tak mitt á öxl Rögnvalds. Jakkinn fór yfir höfuð mér og ég lenti á fjórum fótum á gólfinu og var slæmur í hnjúnum daginn eftir.“

Síðan lýsir stefndi því að Jón Hallur, nággranni hans, hafi komið þarna að og hjálpað honum að ná saman þeim munum sem stefndi missti í sveiflunni. Síðan hafi hann farið með Jóni Halli niður í anddyrið þar sem hann hafi rætt við Kristján Hansen þar til kona stefnda kom. Þá lýsti stefndi

því, að þegar hann gekk að borði Rögnavalds í greint sinn hafi verið hlé á milli laga, en ekki syrpuskipti. Þá minnti stefnda að stefnandi ásamt konu sinni stæði þá á gólfinu út frá endaborðunum. Ekki minntist stefndi þess að hafa lagt hönd á stefnanda, enda hefði stefnandi ekkert gert á hlut stefnda. Stefndi bar í skýrslu þessari að hann hefði ekki frétt af meiðslum stefnanda fyrr en eftir miðjan næsta mánudags.(sic)

Seinni skýrsla stefnda fyrir lögreglu er að miklu leyti samhljóða efnislega og fyrri skýrsla hans. Þó segir hann: „Ég fór að tala við Rögnavald og bað hann að biðja konu mína afsökunar á þessu, en hann neitaði því og sagði að kona mín ætti sök á þessu og taldi sig því ekki þurfa að biðjast afsökunar. Tómas dyravörður ætlaði þá að ganga á milli okkar, en ég greip í vinstri öxl Rögnavalds þar sem hann sat á stól við borðshornið og sneri sér að mér. Síðan skyndilega var gripið utan um mig og mér svipt í hálfhring út á gólf. Lenti ég á fjórum fótum, með jakkann yfir höfuðið. Úrfesti mín slitnaði og veski, sem ég var með í jakkavasa, hentist út á gólf. Ekki er mér kunnugt um hver tók utan um mig. Er ég gekk að umræddu borði Rögnavalds, man ég eftir að hafa séð Sigmund Pálsson og konu hans, þar sem þau voru að dansa skammt frá borði Rögnavalds. Mánudaginn á eftir frétti ég síðan að Sigmundur hefði slasast þarna á dansleiknum, sennilega í þessum framangreindum átökum. Sigmundur blandaði sér ekkert í þetta milli okkar Rögnavalds að ég best veit, og var því þessu alveg óviðkomandi. Sé það rétt að Sigmundur hafi slasast þarna er þessi átök áttu sér stað álit ég að höggið sem hann fékk í andlituð, sem mér er sagt að ég sé valdur að, hafi komið er mér var sveiflað fram á dansgólfið. Ég ætlaði mér aldrei að berja hann eða nokkurn annan og þetta er því algjört óviljaverk, sé það rétt að höggið sé af mínum völdum. Ég varð ekki var við að ég rækist í neinn er mér var sveiflað fram á gólfið. Eins og áður kom fram veit ég ekki hver greip utan um mig, en ég álit að það hafi ekki verið Tómas Helgason, því mér finnst að hann hafi gripið í jakka minn og þess vegna hafi jakkinn farið yfir höfuðið á mér í sveiflunni. Ekki varð ég heldur var við að einhver gripi í hægri hönd mína, eða einhvers annars staðar í mig í sveiflunni.“

Þá telur stefndi í þessari skýrslu fráleitt að hann hafi komið framan að stefnanda með reiddan hnefa til höggs eða að hann hafi lagt vinstri hendi á bringu stefnanda, þá skömmu áður. Þá minntist stefnandi þess ekki að hafa sest á stól hjá konu sinni áður en hann sneri sér að Rögnavaldi og hann kvaðst ekki hafa tekið á Rögnavaldi fyrr en þeir hefðu átt orðaskipti. Þá mundi stefndi ekki eftir neinum stimpingum við hægri hönd sína eins og fram kemur í framburði Tómasar Dags Helgasonar. Þá sagði stefndi að það væri ekki rétt að hann hefði tekið „háls- eða haustak“ á Rögnavaldi, áður en Tómas hafi gengið á milli. Stefndi kom fyrir sakadóm 16. apríl 1984 og 28. júní 1985, en þar varð engin efnisleg breyting á framburði hans.

Vitnið Guðlaug Gísladóttir, fædd 28. október 1937, til heimilis að Smára-
grund 13, Sauðárkróki, eiginkona stefnanda, gaf skýrslu fyrir lögreglu 24.
janúar 1983 og fyrir dómi 16. apríl 1984 og 28. júní 1985. Þetta vitni hefur
lýst atvikum svo: „Undir lok dansleiksins vorum við hjónin að dansa, en
á milli dansa stóðum við vestan til í salnum og má segja að Sigmundur
stæði mitt á milli og framan til við tvö borð, en ég stóð framan (sic) á
gólfinu. Nordan við syðra borðið sat Rögnvaldur Árnason en á móti honum
við borðið sat kona er ég tel að sé eiginkona hans. Tómas húsvörður finnst
mér að stæði framan til við Rögnvald og væri að tala við hann. Við norðara
borðið að sunnanverðu inn við upphækkunina sat kona Júlíusar og var ég
að horfa á hana, en mér sýndist hár hennar blautt. Svo kom Júlíus og stóð
við fremra horn borðsins andspænis konu sinni er ég tók eftir honum. Þá
virtist mér Júlíus vera rólegur. Mér virtist konan horfa á Júlíus og síðan
eiga við hann orðastað en orðaskil heyrði ég ekki. Júlíus rauk nú upp og
greip í fót Sigmundar framan á bringunni og lagði hann þarna á milli borð-
anna. Þá leit ég undan. Er ég leit aftur upp er Tómas húsvörður kominn
með Júlíus. Finnst mér sem Tómas hafi tekið á Júlíusi aftanfrá undir hendur
hans og lét Tómas sig falla aftur á bak í gólfið með Júlíus. Síðan komu
þarna fleiri að. Er ég leit upp sem fyrr getur stóð Sigmundur á gólfinu
nordan og framantil við borð það er Júlíus hafði staðið við skömmu áður.
Ég sá að vökvi rann úr vinstra auga hans, lækni-rinn sagði mér síðar að
þetta hefði verið augnvökvinn. Sigmundur fór nú yfir gólfið að borði okkar
og settist þar. Er Sigmundur var sestur við borðið tók að blæða úr auga
hans. Guðjón Finnbogason borðfélagi okkar fór nú fram í eldhús og sótti
þangað klút er lagður var við augað. Ekkert var stansað við borðið nema
stund þá er tók fyrir Guðjón að sækja klútinn fram í eldhúsið. Síðan leiddi
Guðjón Sigmund út í bifreið þeirra hjóna og ók Jóhanna kona hans síðan
með Sigmund á Sjúkrahúsið. Á leiðinni upp á Sjúkrahúsið kvartaði
Sigmundur um sáran verk í auganu og einnig um ógleði og þoldi hann ekki
að ég héldi klútnum við augað. Er á sjúkrahúsið kom tók á móti honum
hjúkrunarkona og sjúkralíði og ræstur var út vakthafandi lækni, Friðrik
J. Friðriksson. Meðan beðið var komu læknisins var Sigmundur lagður upp
á bekk því það virtist ætla að líða yfir hann. Er Friðrik lækni-r hafði litið
á meiðsli Sigmundar ætlaði hann að senda hann strax til Akureyrar, en af
einhverjum ástæðum, sennilegast ókyrrð í loftinu, kom sjúkraflygvélin ekki
fyrr en um kl. 08:30 á sunnudagsmorguninn.“

Síðan lýsir vitnið því, að stefnandi hafi verið lagður inn á Fjórðungs-
sjúkrahúsið á Akureyri þar sem Ragnar Sigurðsson augnlækni-r tók á móti
honum og framkvæmdi skurðaðgerð á auganu. Um kl. 13:00 þennan dag
hafi Ragnar Sigurðsson augnlækni-r haft samband við vitnið og skýrt frá
því að aðgerð væri lokið á stefnanda, hann hafi sagt að augað hafi sprungið

„frá 11 og niður að 4“ og ekki væri reiknað með sjón á auganu framar þar sem sjóntaugin hefði skaddast við höggið.

Fyrir dómi hefur þetta vitni ekki breytt framburði sínum efnislega. Þetta vitni sagði fyrir dómi að það hafi ekki séð það beint að stefndi veitti stefnanda högg á vinstra auga.

Vitnið Sigríður Ósk Jónsdóttir, fædd 17. mars 1954, til heimilis að Raftahlíð 60A, Sauðárkróki, eiginkona stefnda, gaf skýrslu fyrir lögreglu 26. janúar 1983 og fyrir sakadómi 17. apríl 1984. Í skýrslum þessum lýsir hún viðskiptum sínum við Rögnavald Hartmann Árnason og að hún hafi í því sambandi beðið dyravörð að fjarlægja Rögnavald úr húsinu. Síðar lýsir vitnið atvikum svo: „Eflaust hef ég litið eitthvað annað því næst sá ég þvöguna í gólfinu og gerði ráð fyrir að Júlíus væri einn þeirra því ég sá hann ekki við borðið. Leit ég nú undan því mér fannst allt svo leiðinlegt. Ekki sá ég hver aftan við Júlíus hafði staðið. Síðan stóðu allir upp aftur og sá ég Jón Hall labba með honum og hélt ég að Júlíus væri að fara út. Stundu síðar fór ég niður úr danssalnum og er niður kom var Júlíus á tali við Kidda Hansen.“ Þá kvaðst þetta vitni ekki hafa séð stefnanda eða eiginkonu hans á dansleiknum. Vitnið kvaðst ekki hafa frétt af meiðslum stefnanda fyrr en á mánudeginum eftir.

Vitnið Ingibjörg Sigurðardóttir, fædd 19. febrúar 1951, til heimilis að Dalatúni 14, Sauðárkróki, gaf skýrslu hjá lögreglu 26. janúar 1983 og fyrir sakadómi 17. apríl 1984 og 28. júní 1985, en hún er eiginkona Rögnavalds Hartmanns Árnasonar. Þetta vitni lýsir viðskiptum þeirra eiginkonu stefnda og Rögnavalds Hartmanns og því hverjir voru staddir við bord það, þar sem þau sátu í greint sinn. Síðan lýsir hún því að kona stefnda hafi farið frá borði þeirra Rögnavalds og að Rögnavaldur hafi haft stólaskipti. Síðan segir vitnið orðrétt: „Nú kom konan hin margumrædda og settist á sama stað og hún hafði setið, en rétt í þann mund og hún er sest kom Tómas húsvörður og átti tal við Rögnavald og spurði hann á þá leið hvort ekki væri allt í lagi. Tómas rappaði eitthvað við Rögnavald og Stebbi fór frá borðinu að mig minnir. Kom nú maður konunnar en hann mun heita Júlíus, annars þekki ég fólkið ekkert, maðurinn settist við hlið konu sinnar og segir konan honum þá að þessi mannanskoti hafi skvett á sig. Konan var hálf tuskuleg og vældi þessu framan í hann. Maðurinn sneri sér nú við í stólnum og tók hendi sinni fram fyrir háls Rögnavalds og reigði hann afturábak þar sem hann sat á stólnum. Er þetta skeður stóð Tómas við hlið Rögnavalds. Tel ég að Tómas hafi tekið á eða í handlegg mannsins frekar en að Rögnavaldur gerði það sjálfur en takið losnaði. Maðurinn stóð nú upp og ég stóð einnig upp þar sem ég átti von á að Rögnavaldur færi að róta sér. Sem betur fór þá sat Rögnavaldur kyrr á stólnum. Sá ég nú að þvagan lenti í gólfinu og veit ég ekki hver lenti ofan á hverjum. Ég hugsaði bara um að forða mér

og fór niður.“ Eftir þetta fór þetta vitni niður í anddyri hússins og stundu síðar, eftir að það kom niður, sá vitnið stefnanda koma niður þá með klút fyrir öðru auganu. Þá hefur þetta vitni sagt að það hafi séð þau hjón, stefnanda og eiginkonu hans, fyrir framan borð vitnisins og Rögnvalds rétt áður en átökin urðu. Fyrir sakadómi hefur þetta vitni sagt að það hafi ekki séð stefnda veita stefnanda högg.

Vitnið Finnur Þór Friðriksson, fæddur 7. júní 1951, til heimilis að Hólavegi 19, Sauðárkróki, gaf skýrslu hjá lögreglu 28. janúar 1983 og fyrir sakadómi 16. apríl 1984 og 28. júní 1985. Þetta vitni hefur lýst viðskiptum Tómasar og Júlíusar og að það hafi séð stefnanda á meðan átök þeirra Tómasar og stefnda stóðu yfir. Vitnið segist þó ekki hafa skynjað það sjálf, hvernig stefnandi fékk áverka þann sem í málinu greinir, en vitnið hafi frétt það þarna um kvöldið að stefnandi hefði fengið áverkann. Vitnið sagði að stefnandi hefði sagt því það sjálfur hvernig hann hefði fengið áverkann, en ekki hver hefði slegið. Þá taldi þetta vitni að útilokað væri að stefnandi hefði fengið áverkann í átökum þeirra stefnda og Tómasar.

Vitnið Jón Hallur Ingólfsson, fæddur 10. nóvember 1957, til heimilis að Raftahlíð 60, Sauðárkróki gaf skýrslu fyrir lögreglu 29. janúar 1983 og fyrir sakadómi 16. apríl 1984 og 28. júní 1985. Þetta vitni hefur sagt orðrétt: „Varðandi upphaf átakanna segir vitnið að þegar dansinum lauk hafi hann fylgst með Júlíusi er hann gekk að borði sínu og settist við endann á því og fór að tala við Rögnvald og lagði jafnframt höndina á öxl hans. Sneri vitnið sér frá og augnabliki síðar sá hann Tómas húsverð koma inn í salinn á nokkurri ferð og hélt vitnið þá að átök væru að hefjast annars staðar í salnum en ekki við borð þeirra Rögnvalds og Júlíusar. Næst verður hann var við hávaða og snýr sér við og sá þá hvar Tómas hafði tekið Júlíus tökum aftan frá og lyfti honum frá gólfi og féllu þeir saman í gólfið. Um það bil sem þeir eru að falla í gólfið sá vitnið hönd koma inn í myndina vinstra megin við þá, rétt áður en þeir falla í gólfið við hliðina á vitninu. Vitnið gerir sér ekki grein fyrir hver var eigandi handarinnar. Vitnið segist ekki hafa veitt Sigmundi athygli þegar átökin áttu sér stað. Þá hefur þetta vitni lýst því að það hafi fyrst frétt af slysförum Sigmundar um miðjan dag daginn eftir.

Vitnið Lára Gréta Haraldsdóttir, fædd 15. október 1957, til heimilis að Raftahlíð 39, Sauðárkróki, hefur lýst atburðum svo: „Ég álit að klukkan hafi verið um þrjú. Við Maggi (Magnús Sigfússon) vorum að dansa og vorum skáhallt framan til við borð Rögnvalds. Rögnvaldur sat við fremra horn borðsins að norðanverðu, en við næsta borð norðan við sat Sigga (Sigríður Jónsdóttir) við upphækkunina og sunnan við borðið. Sigga sneri baki í upphækkunina og horfði fram í salinn. Ég tók eftir að hár hennar var eins og kleprað og var blautt að mér fannst. Ég sá að þeir Tommi og

Júlíus áttust við. Mér fannst Tommi hafa yfirhöndina og væri að leggja Júlíus í gólfíð. Mér sýndist Júlíus koma niður á rassinn eða bakið og Tommi vippa sér yfir hann, en sleptti þó ekki taki því er hann hafði. Tommi hoppaði yfir hann um leið og þeir skullu, en þó man ég ekki eftir því að Tommi félli í gólfíð. Að þessu afstöðnu minnir mig að ég sæi Sigmund er þá sneri baki að mér, en ekki man ég hver afstaða hans var. Er við vorum farin aftur að dansa varð ég vör við að Þröstur bróðir minn fór niður, var hann náfölnur í framan og fannst mér það einkennilegt. Stundu síðar sá ég hvar Sigmundur fór niður. Nokkuð á eftir honum var kona hans. Heyrði ég er hún sagði við konu er við hana talaði: „Það sló hann einhver maður í augað“, en ekki vissi ég um hvað var rætt. Er ég hitti Þröst á eftir fór hann að segja okkur hvers vegna hann hefði farið niður, en hann kvaðst hafa séð er Sigmundur tók hönd sína frá auga sér og eins og slím hefði fylgt hendinni eftir og sér fundist þetta svo viðbjóðslegt að hann gekk niður.“

Vitnið Magnús Sigfússon, fæddur 23. mars 1956, til heimilis að Raftahlíð 39, Sauðárkróki, gaf skýrslu hjá lögreglu 29. janúar 1983 og fyrir sakadómi 17. apríl 1984 og 28. júní 1985. Þetta vitni hefur lýst viðskiptum þeirra Sigríðar, stefnda, Rögnvalds og Tómasar og að til átaka hafi komið á milli Tómasar og stefnda og er lýsing þessa vitnis í svipuðum dúr og annarra vitna málsins. Þetta vitni sá ekki með hvaða hætti stefnandi varð fyrir meiðslum í greint sinn. Þá taldi þetta vitni sérstaklega aðspurt, afar ólíklegt að stefndi hafi þrifið í bringu stefnanda og keyrt hann á milli borða, án þess að vitnið hefði tekið eftir því.

Vitnið Haraldur Snæbjörn Friðriksson, fæddur 18. maí 1946, til heimilis að Brennihlíð 6, Sauðárkróki, hefur lýst atvikum svo: „Það var undir lok dansleiksins og klukkan gæti hafa verið rúmlega þrjú. Ég var að dansa og var nær miðju dansgólfins og gæti hafa verið fram af fjórða borði norðan frá að vestanverðu. Heyrði ég þá hávaða og leit við. Sá ég í bak Júlíusar, en á hann bar ég kennsl. Júlíus stóð við norðara borðshorn Rögnvalds, en Rögnvaldur var hálfrisinn upp úr stól sinum er var norðanmegin við borðið. Sinn maðurinn var við hvora hlið Júlíusar, en ekki geri ég mér nú grein fyrir hverjir þeir voru. Mér finnst eins og þeir hafi verið að reyna til að fá Júlíus á brott, en hann bað þá að sleppa sér og sneri sér við í hálfhring í sömu andrá. Júlíus sneri sér réttisælis og rétti út olnbogana um leið og hann sneri sér. Er Júlíus staðnæmdist sneri hann andlitinu að mér og handleggirnir út frá honum en krepptir um olnbogana. Í þessari sveiflu Júlíusar finnst mér ég hafa séð Sigmund falla í gólfíð, en Sigmund sá ég ekki verða fyrir höggi og skildi ég ekki í þessari andrá hvers vegna hann féll við, en daginn eftir frétti ég af meiðslum Sigmundar. Er Júlíus var búinn að snúa sér sem fyrr getur, sá ég að Tómas Helgason húsvörður hélt um

hægri handlegg hans og reyndi að leiða hann fram gólfið og er þeir eru komnir tvö til þrjú skref frá borðinu falla þeir á gólfið ásamt fleirum. Jón Hallur kom þá til skjalanna og róaðist Júlíus eftir það og gekk út með Jóni Halli án mótþróa. Ég tel að Tómas hafi lent á bakinu er þeir félagar lentu í gólfinu, en Júlíus á fjórum fótum yfir hann, en fleiri blönduðust í þetta og reyndu að halda honum niðri:“ Þá hefur þetta vitni talið hugsanlegt að Tómas hafi haldið utan um Júlíus, þegar hann sneri sér eins og fyrr greinir. Þá hefur þetta vitni sagt að það hafi fyrst séð stefnda og Rögnvald þegar stefndi stóð við borð Rögnvalds og hafði hátt. Þá hefur vitnið sagt að það hafi ekki orðið vart við að stefnandi yrði fyrir höggi og frétti ekki af meiðslum hans fyrr en daginn eftir. Þetta vitni gaf skýrslu hjá lögreglu 1. febrúar 1983 og fyrir sakadómi 16. apríl 1984 og 28. júní 1985.

Vitnið Ragna Sigurðardóttir, fædd 14. nóvember 1960, til heimilis að Raftahlíð 51, Sauðárkróki gaf skýrslu fyrir lögreglu 3. febrúar 1983 og fyrir sakadómi 28. júní 1985. Þetta vitni hefur lýst atvikum svo: „Ég tel að það hafi verið undir lok dansleiksins er ég var að dansa að ég varð vör við Ingibjörgu systur mína er hún gekk fram salinn og niður. Fannst mér svipur hennar þesslegur að eitthvað væri að. Ég sá að þvaga manna var á gólfinu framan til á móts við borð þeirra Rögnvalds.Ég sá að maður lá á gólfinu og hélt að það væri Rögnvaldur. Ég gekk nú nær, til að sjá betur. Ég sá að Rögnvaldur sat á stól sínum við borðið, en maður sá (sic) er í gólfinu lá þekki ég sem Sigmund. Tommi hélt Júlíusi eða hafði á honum tak er þetta skeði. Stundu síðar sá ég er Sigmundur gekk niður úr salnum, þá hafði eða hélt hann klút fyrir augað og sýndist mér sem blætt hefði úr því.“

Vitnið Þröstur Georg Haraldsson, fæddur 11. maí 1959, til heimilis að Háuhlíð 7, Sauðárkróki, gaf skýrslu hjá lögreglu 3. febrúar 1983 og fyrir sakadómi 16. apríl 1984 og 28. júní 1985. Þetta vitni hefur skýrt svo frá: „Ég er á að atburður þessi eigi sér stað á bilinu fimm mínútur fyrir þrjú til fimm mínútur yfir þrjú. Ég var að dansa fram af mínu borði og var sem næst framundan borði eitt og tvö. Ég sá að átök og ryskingar voru við borð tvö og þrjú. Ég sá að Júlíus var þarna en hann er auðþekktur. Hægra megin við Júlíus og aftan til og til hliðar var Sigmundur. Ég sá að Sigmundur tók um hægri hönd Júlíusar, en um leið slær Júlíus aftur fyrir sig með olnboganum og lenti högg þetta í andliti Sigmundar, er greip strax hendi sinni fyrir augað. Er þetta skeði má segja að þeir hafi báðir nokkurn veginn snúið bökum við mér. Sigmundur var kominn aðeins nær mér og stóð framan af borði tvö er hann tók hönd sína frá auganu og er hann gerði það fylgdi henni nokkurs konar slím og loddi það við hönd hans. Mér virtist slímið glært. Mér bauð við sjón þessari og settist við borð mitt og síðar fór ég niður þar sem mér varð óglatt af því er ég hafði orðið vitni að. Er ég kom niður var Júlíus þar niðri og var verið að róa hann

niður. Er atburður þessi skeði þá var kona Sigmundar aftan til og til hliðar við hann og stóð hún við hlið hans er hann tók höndina frá auganu. Ég gæti trúað að lag það, er verið var að spila í umrætt skipti, hafi tæplega verið hálfnað er ég varð vitni að fyrrgreindu atviki. Ég álit að ég hafi ekki litið af Sigmundi frá því ég veitti þessu athygli þar til eftir að hann tók hönd sína frá auganu og það er fráleitt að hann hafi dottið í gólfið.“

Þetta vitni telur sig ekki hafa séð Tómas húsvörð í átökum þeim, sem það lýsti og það taldi sig hafa séð Rögnvald við borð sitt áður en átökin hófust.

Vitnið Rögnvaldur Hartmann Árnason, fæddur 2. nóvember 1950, til heimilis að Dalatúni 14, Sauðárkróki, gaf skýrslu fyrir lögreglu 6. febrúar 1983 og fyrir sakadómi 17. apríl 1984 og 28. júní 1985. Þetta vitni hefur lýst atvikum svo: „Það er rétt, að ég var á umræddum dansleik. Eitt sinn, er ég kom og settist niður við borð mitt, voru þar fyrir tvær konur og ræddu saman. A.m.k. önnur konan drakk úr glösum, er á borði mínu voru. Ég bað konu þessa að fara frá borðinu, því hún væri þar óæskileg. Konu þessa þekki ég ekkert og vissi engin deili á henni. Kona þessi sat sem fastast og ansaði mér engu þó ég margbæði hana að fara frá borðinu. Kom þar að hún skvetti framan í mig úr glasi er hún tók á borðinu. Ég var snöggur til og skvetti framan í konuna svipuðum mjöð og hún sendi mér. Konan stóð nú upp frá borðinu og veit ég ekkert um afdrif hennar eftir það. Stundu síðar kom Tómas húsvörður og spurði mig hvort ekki væri allt í lagi. Mig minnir að Tommi stæði rétt hjá mér er ég var tekinn aftan frá og hendi brugðið fram fyrir háls mér. Ekki gerði ég mér ljóst hver þarna var að verki. Ekki geri ég mér grein fyrir hvernig tak þetta losnaði, vafalaust hef ég gert tilraun til að aftra því, að ég yrði tekinn þarna og má vera að fleiri hafi komið þar við sögu. Næst var tekið í fötin framan á bringu minni og var það Júlíus er það gerði og fannst mér sem hann hefði tekið fyrra takið einnig og að hann hefði staðið upp í millitíðinni. Er Júlíus hafði tekið framan í bringu mína man ég að Tommi réðst að honum og datt síðan annar hvor þeirra eða báðir í gólfið, allavega datt Júlíus, ég held að ég muni það rétt. Júlíus sá ég ekki eftir þetta. Um klukkuna veit ég ekkert. Ég tel að ég hafi ekkert hreyft mig af stól mínum meðan á þessu stóð og ég sneri baki til norðurs.“ Þá hefur þetta vitni sagt að það hafi ekkert orðið vart við Sigmund er rýskingarnar urðu og ekki vissi vitnið af meiðslum Sigmundar fyrir en daginn eftir. Þá hefur þetta vitni sagt að þeir stefndi hafi eitthvað ræðst við áður en Tómas kom að borðinu og að stefndi hafi lagt hönd á öxl hans. Þá hefur þetta vitni sagt að því hafi fundist að stefndi hafi verið reiður við sig.

Vitnið Erla Sigríður Halldórsdóttir, fædd 23. desember 1955, til heimilis að Víðigrund 28, Sauðárkróki, gaf skýrslu fyrir lögreglu 22. febrúar 1983,

og fyrir sakadómi 17. apríl 1984 og 28. júní 1985. Þetta vitni hefur lýst því, að það hafi dansað við stefnda á seinni hluta dansleiksins. Þegar dansinum lauk, fór vitnið að borði sínu í norðanverðum salnum, en stefndi hélt að sínu borði. Vitnið telur að það hafi rétt verið sest við borð sitt, þegar stefnandi kom yfir dansgólfið og hélt hann fyrir augað, þ.e. vinstra augað. Vitnið segir að Guðlaug, kona stefnanda, hafi komið á eftir honum og vitnið segist hafa spurt hana hvað hafi komið fyrir og hún hafi svarað því til að hann hafi verið sleginn. Þá taldi þetta vitni sig muna að kona stefnda hafi komið út á gólfið og rætt við stefnda á meðan þau voru að dansa, en ekki vissi vitnið um hvað þau ræddu.

Í málinu liggur frammi ljósrit úr heilsufarsbók stefnanda frá sjúkrahúsinu á Sauðárkróki, undirritað af Friðrik Friðrikssyni lækni 18. apríl 1983. Þar segir:

„1983, 16/1.

Það er komið með þennan mann upp á sjúkrahúsið. Hann hafði verið á hjónaballi niðri í Bifröst og lent í einhverjum ryskingum og fengið annaðhvort olnboga eða hnefa í augað. Það er ekki vitað um það. Það blæðir úr auganu. Maðurinn hefur mikla ógleði og nokkurn verk í þessu. Við skoðun sjást ekki áverkar á ytri umbúnaði augans, en þegar augnlokinu er lyft, kemur bulbus í ljós. Það virðist vera að Camera anterior sé full af blóði. Þá er einnig blóð í Conjunctival sekknum. Maðurinn segist geta greint birtu með auganu, en alls ekki séð neitt. Það er reynt að opna augað betur og teygja augnlokið frá, en maður sér ekki neina rupturu á conjunctiva. Augljóst þykir að bulbus oculi hefur fengið compression og það er grunur um rupturu á bulbus, þar sem líka er sagt að það hafi komið vatn úr auganu. Því er ákveðið að hafa samband við augnlækni á Akureyri og verður niðurstaðan sú að hann er fluttur norður með morgninum á F.S.A. til augnlæknis. Maðurinn fær supp. Dolviran og Phenergan og líður allvel. FJH/hrg

1983, 16/1. Útskrifast.

Haft hefur verið samband við augnlækni á Akureyri og fer Sigmundur kl. 8 með flugvél norður.“

Vitnið Friðrik J. Friðriksson héraðslæknir, fæddur 17. febrúar 1923, til heimilis að Smáragrund 4, Sauðárkróki, gaf skýrslu fyrir sakadómi 17. apríl 1984. Vitnið kannaðist við að hafa verið vakthafandi læknir nóttina, sem slysið varð og hafa verið kallað á sjúkrahúsið eftir að slysið varð. Vitnið skýrði svo frá að það hefði bókað í heilsufarsskrá sjúkrahússins eftir þeim sem komu með hinn slasaða eða slasaða sjálfum að hann hafi orðið fyrir höggi af hnefa eða olnboga. Ekkert hafi komið fram, hver væri valdur að slysinu.

Í málinu liggur frammi áverkavottorð Ragnars Sigurðssonar, augnlækni á Akureyri, dags. 6. apríl 1983, svohljóðandi:

„Varðandi Sigmundur Pálsson, Smáragrund 13, Sauðárkróki, f. 28/11 '32,

nr. 7575-7905. Þessi fimmtugi karlmaður var innlagður bráðainnlagningu á augndeild Fjórðungssjúkrahúsins á Akureyri þann 16/1 1983 kl. 10 að morgni. En að sögn sjúklings var hann staddur á dansleik á Sauðárkróki aðfaranótt sunnudagsins og varð fyrir því að honum var rekið þungt högg á vi. auga. Varð hann strax var við að vökvi lak úr auganu og hann missti sjón á því. Héraðslæknir skoðaði sjúkl. strax þá um nóttina og grunaði að augað hefði brostið og sendi hann því til Akureyrar. Við fyrstu skoðun var augljóst að augað var brostið, sjúklingur var því færður á skurðstofu og áverkinn athugaður nánar, kom þá í ljós að augnveggurinn var sprunginn frá því um kl. 11 upp yfir kl. 12 og niður til kl. 03:30 eða þar um bil og lá intraocular vefur þar úti. Augað var samfallið að sjálfsögðu og fullt af blóði. Það var gerð aðgerð og rifan saumuð saman. Lá Sigmundur síðan á augndeildinni frá 16/1 til 10/2. Þegar blóðið úr auganu frásogaðist smásaman kom í ljós að lithimnan hafði rifnað frá rót sinni 360° og var ekki að sjá nein merki um hana inni í auganu né merki um augasteinininn og vafalaust hafa þessir vefir báðir kýlst út úr auganu við höggið. Við brottför af sjúkrahúsinu var engin sjón á þessu auga, það var vafasöm ljósskynjun með því. Það ætti að vera óhætt að fullyrða að það mun ekki verða nothæf sjón á þessu auga í framtíðinni.“

Niðurstaða:

Með hliðsjón af vitnaframburðum þeim, sem hér að framan hafa verið raktir, verður lagt til grundvallar að aðdragandi þess að stefnandi hlaut meiðsli sín í greint sinn hafi verið sá að þegar Rögnvaldur Hartmann Árnason hafi komið að borði sínu seint á dansleiknum hafi kona stefnda verið þar fyrir og verið að drekka úr glösum sem á borði þessu voru. Rögnvaldur Hartmann hafi amast við þessu og óskað eftir því að Sigríður Jónsdóttir færi frá borðinu en hún hafi þráast við og endað með því að skvetta úr glasi framan í Rögnvald Hartmann, sem að bragði hafi svarað með því að skvetta á Sigríði Jónsdóttur úr öðru glasi. Hafi Sigríður Jónsdóttir þá fyrst gengið út á dansgólfið til eiginmanns síns, stefnda í málinu og sagt honum hvað gerst hefði, en hann hafi þá verið að dansa við Erlu Sigríði Halldórsdóttur. Þegar Sigríður Jónsdóttir hafði rætt við stefnda, eiginmann sinn, hafi hún farið til Tómasar Dags Helgasonar, dyravarðar, þar sem hann stóð á sviðinu hjá hljómsveitinni og hafi klukkan þá verið rétt að vera 03:00. Að loknum dansinum við Erlu Sigríði Halldórsdóttur hafi stefndi gengið að borði Rögnvalds Hartmanns Árnasonar í því skyni að jafna við hann sakir og fá hann til að biðja konu stefnda afsökunar. Þessu hafi Rögnvaldur neitað. Stefndi hafi þá ætlað að fylgja málinu eftir og tekið í öxl Rögnvalds eða jafnvel tekið á honum. Þá hafi Tómas Dagur Helgason komið að, eða verið þarna staddur. Til stimpinga hafi komið

þannig að stefndi bæði tók á Rögnavaldi og hafi varpað Tómasi dyraverði frá lengra út á dansgólfið. Tómas hafi ekki fallið við, heldur ráðist aftur til atlögu að stefnda og tekið tak undir hendur hans að aftan og sveiflað honum þá út á gólf en þar hafi stefnandi málsins verið staddur um þetta leyti og fengið áverka þann, sem í málinu greinir, í þeim stimpingum sem hér að framan er lýst. Af gögnum málsins er ekki alveg ljóst hvernig stefnandi hlaut áverkann, þ.e. hvort hann kom áður en stefndi var kominn að Rögnavaldi eða þegar Tómas sveiflaði stefnda út á gólfið. Allt að einu verður talið að stefndi hafi verið upphafsmaður að stimpingum þessum og þess vegna beri hann alla ábyrgð á tjóni því sem stefnandi varð fyrir, en meta verður það stefnda til sakar, a.m.k. af gáleysi, að hann skyldi efna til ryskinga þeirra sem í máli þessu greinir. Niðurstaðan er því sú að ekki þykir óvarlegt að telja sannað að stefndi sé valdur að tjóni því, sem stefnandi varð fyrir á vinstra auga í greint sinn, enda renna framburðir Þrastar Georgs Haraldssonar og Haralds Snæbjörns Friðrikssonar stöðum undir þessa niðurstöðu, en af framburði stefnda er ljóst að til þeirra átaka, sem hér að framan er lýst, kom á þeim stað og tíma sem haldið er fram og nánast útilokað er að stefnandi hafi getað fengið áverkann með öðru móti. Þeim athöfnum og tjóni, sem hér að framan er lýst, ber stefndi skaðabótaábyrgð á.

Um tjón stefnanda.

Í málinu liggur frammi örorkumat framkvæmt af Birni Önundarsyni lækni. Í ályktun örorkumatsins segir: „Það er um að ræða tæplega 51 árs gamlan mann, sem hinn 16. janúar 1983 skaddaðist svo á vi. auga sínu, að hann missti sjón á auganu. Áverka þennan hlaut slasaði við þungt högg, er honum var greitt. Slasaði var þegar eftir slys þetta fluttur í F.S.A., þar sem gert var að meiðslum slasaða og þar sem hann vistaðist frá slysdegi 16.01.83 til hins 10.02.83. Alveg óvinnufær vegna nefnds slyss er slasaði talinn hafa verið í um þrjá mánuði. Eftir það er um ofurlitla varanlega örorku að ræða. Svo sem að ofan greinir sprakk vi. auga slasaða við hið þunga högg sem honum var greitt á augað. Intraocular vefur lá úti og augað var samfallið. Augað var saumað saman, en engin nothæf sjón er á auganu, aðeins vafasöm ljósskynjun. Ekki telur augnlæknir að framar verði nýtanleg sjón á auganu.

Þó að ekki sé nú lengra um liðið frá því áður nefnt slys (árás) átti sér stað, þykir ekki ástæða til að draga öllu lengur að meta tímabundna og varanlega örorku slasaða, þar sem ekki verður séð að um frekari bata á afleiðingum þessa slyss verði hér eftir að ræða.

Tímabundin og varanleg örorka þykir hæfilega metin, sem hér segir:

Frá slysdegi talið í þrjá mánuði 100%.

Eftir það varanlega 20%.

Hinn 28. júní 1983 gerði Jón Erlingur Þorláksson, tryggingafræðingur, útreikninga á örorkutjóni stefnanda en vegna verðlagsþróunar í landinu eru þessir útreikningar orðnir úreltir. Hinn 17. október 1984 reiknaði tryggingafræðingurinn út örorkutjón stefnanda að nýju. Þar segir svo:

„Sigmundur Pálsson varð fyrir slysi 16. janúar 1983 og missti sjón á vinstra auga. Hann er fæddur 28. nóvember 1932 og hefur því verið 50 ára á slysdegi.

Björn Öundurson, læknir, hefur í örorkumati dags. 20. júní 1983 metið örorku af völdum slyssins þannig:

Frá slysdegi í 3 mánuði 100%.

Eftir það varanlega 20%.

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Sigmundar voru vinnutekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið þessar:

Árið 1980 g.kr. 7.240.873

Árið 1981 nýkr. 114.674

Árið 1982 nýkr. 190.881

Tekjurnar eru allar frá fyrirtækinu Hlynur hf., en það mun vera byggingafélag. Sigmundur er húsgagnasmiður. Þegar tekjur Sigmundar hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga koma út árstekjur kr. 313.600 miðað við kaupgjald eins og það er nú.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við að tekjutap af völdum slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin fæst eftirfarandi áætlun um tekjur og tekjutap.

	Áætlaðar tekjur	Tekjutap
1. árið eftir slysið	272.500	103.600
2. árið eftir slysið	309.900	62.000
Síðan árlega	313.600	62.700

Höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku kr. 58.300

Vegna varanlegrar örorku kr. 502.800

Samtals kr. 561.100

Við útreikning höfuðstólsandvirðis eru fram að útreikningsdegi 17. október 1984 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum (42% frá slysdegi til 20/9 1983, 35% frá 21/9 til 20/11 1983, 27% frá 21/11 til 20/12 1983, 21,5% frá 21/12 1983 til 20/1 1984, 15% frá 21/1 til 12/8 1984 og

17% frá 13/8 1984). Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur eru samkvæmt reynslu árána 1976-1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta.“

Eins og áður greinir sundurliðaði stefnandi tjón sitt við munnlegan flutning málsins og sætti kröfugerðin ekki mótmælum tölulega af hálfu stefnanda (sic). Tjónið sundurliðast þannig:

1. Fjárhagslegt tjón skv. dskj. nr. 13	kr. 561.100
2. Miski	kr. 150.000
3. Útlagður kostnaður við örorkureikning og örorkumat	kr. 8.397
	<hr/>
	Samtals kr. 729.497

Verður nú fjallað um bótafjárhæðina:

Um lið 1. Þegar tjón, samkvæmt þessum lið er metið, þykir rétt að leggja til grundvallar örorkutjónsútreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings dags. 17. október 1984 kr. 561.100,00. Með hliðsjón af þeirri málsástæðu stefnda að lækka beri kröfu stefnanda vegna eingreiðsluhagræðis og skattfrelsis þykir þessi liður hæfilega ákveðinn kr. 450.000,-

Um lið 2. Þegar virt er sjúkrasaga stefnanda og meiðsli þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 150.000,00.

Um lið 3. Þessi liður hefur ekki sætt tölulegum mótmælum og verða bætur samkvæmt lið þessum því ákveðnar kr. 8.397,00.

Samtals er óbætt tjón stefnanda skv. framansögðu kr. 600.000,00. Vaxta-kröfu stefnanda hefur ekki verið andmælt sérstaklega, og dæmast því vextir, eins og krafist er, af dæmdri fjárhæð.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 125.000,00 og er þá tekið tillit til útlagðs kostnaðar við örorkureikning og örorkumat og ferðakostnaðar.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Júlíus Skúlason, greiði stefnanda, Sigmundi Birgi Pálssyni, kr. 600.000 með 42% ársvöxtum frá 16. janúar 1983 til 13. október 1983, en með 40% ársvöxtum frá 13. október 1983 til 21. október s.á., en með 37% ársvöxtum frá 21. október 1983 til 21. nóvember s.á., en með 33% ársvöxtum frá 21. nóvember 1983 til 21. desember s.á., en með 27% ársvöxtum frá 21. desember 1983 til 21. janúar 1984, en með 21% ársvöxtum frá 21. janúar 1984 til 13. ágúst s.á., en með 24% ársvöxtum frá 13. ágúst 1984 til 27. ágúst s.á., en með 25% ársvöxtum frá 27. ágúst 1984 til 18. september s.á., en með 15,5% ársvöxtum frá 18. september 1984 til 11. október s.á., en með 26% ársvöxtum frá 11. október 1984 til 25. október

s.á., en með 27,5% ársvöxtum frá 25. október 1984 til 1. janúar 1985, en með 34% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 21. janúar s.á., en með 37% ársvöxtum frá 21. janúar 1985 til 14. október 1985, en síðan með hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 125.000 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
